



Endanleg dagskrá og tillaga til hluthafafundar VÍS 17. janúar 2024

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur boðað til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, **miðvikudaginn 17. janúar 2024**. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- Samþykki fyrir yfirfærslu vátryggingastofns í dótturfélag
- Önnur mál löglega fram borin

Hluthöfum gafst kostur á að fá mál tekin fyrir á hluthafafundinum með því að leggja fram skriflega eða rafræna kröfu fyrir kl. 16:00 þann 7. janúar sl., sbr. 12. gr. samþykktta félagsins. Engin slík krafa hefur borist félaginu og því standa dagskrá og tillaga sem fylgdi fundarboði þann 27. desember sl. óbreytt.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum, einungis rafræna atkvæðagreiðslu. Hluthafar eiga þess kost að koma á framfæri ábendingum/spurningum áður en fundurinn hefst með því að senda þær á fjarfestatengsl@vis.is eða á fundinum sjálfum fyrir þá hluthafa sem verða viðstaddir á fundarstað.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM, hvort sem hluthafar eru viðstaddir á fundarstað eða ekki. Allir hluthafar sem hafa hug á að taka þátt í atkvæðagreiðslunni eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM. Frekari leiðbeiningar um skráningu og rafræna atkvæðagreiðslu má finna á [vefsíðu félagsins](#).

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á [vefsíðu félagsins](#). Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn eða taka þátt í rafrænni atkvæðagreiðslu eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni <http://www.lumiconnect.com/meeting/visjanuary2024> eigi síðar en kl. 16.00 þann 15. janúar, eða tveimur dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Upplýsingar um fundarboð, sem vísast til að öðru leyti en hér greinir, ályktunartillögur stjórnar og greinargerð með þeim, og leiðbeiningar um skráningu og rafræna atkvæðagreiðslu má finna á [vefsíðu félagsins](#).

Reykjavík, 10. janúar 2024
Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.